



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

4. mars 2005


Efni: Frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál.

Samkvæmt frumvarpinu eru undanþágur orkufyrirtækja frá tekjuskatti afnumdar og þau skattlögð, eins og önnur fyrirtæki, á grundvelli laga um tekjuskatt og eignarskatt. Með orkufyrirtæki er átt við fyrirtæki sem stundar vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni.

Rökin fyrir breytingunni er að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði í takt við almenn samkeppnissjónarmið. Ekki eru sjáanleg rök fyrir því að undanþiggja orkufyrirtæki tekjuskatti, en þau greiða aðra skatta eins og t.d. tryggingagjald og virðisaukaskatt. Þótt stærstu fyrirtækin á þessu sviði séu í eigu opinberra aðila þá eru skil milli þessara fyrirtækja og annarra fyrirtækja, sem eru að fullu skattskyld, eru ekki skýr. Einstaklingar standa t.d. að rekstri orkuveitna sem eru skattskyld með venjulegum hætti. Orkufyrirtæki eiga einnig hluti í öðrum fyrirtækjum og óeðlilegt að slík fyrirtæki njóti skattaávilnunar með óbeinum hætti í gegnum skattfrelsi orkufyrirtækja.

Samtök atvinnulífsins styðja því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson